

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F14/2025

Reykjavík, 14. nóvember 2025

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
dómsmálaráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Við OPCAT-eftirlit sitt og meðferð kvartana hefur umboðsmaður orðið vör við notkun lögregluembætta á svonefndum hrákagrímum. Athygli hefur vakið að í reglum nr. 1740/2022, um valdbeitingu lögreglumanna og notkun valdbeitingartækja og vopna, er ekki vikið að hrákagrímum og notkun þeirra. Ætla verður þó að slíkum grímum sé ætlað að bregðast við og koma í veg fyrir að þeir, sem gríman er sett á, geti hrækt á lögreglumenn og aðra og hefur hún þannig það markmið að vinna bug á mótþróa manns og stemma stigu við ofbeldishegðun af hans hálfu. Í því ljósi verður að telja líklegt að í langflestum tilfellum sé slíkri grímu komið fyrir á höfði manns með valdi og þá líklega samfara annars konar valdbeitingu.

Með hliðsjón af framangreindu og í ljósi yfirstjórnar dómsmálaráðherra með málefnum lögreglunnar er þess óskað, með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að veittar verði upplýsingar um og skýringar á neðangreindum atriðum.

- Óskað er upplýsinga um hvort fyrir hendi séu einhverjar reglur um beitingu hrákagríma og, ef svo er, er þess óskað að upplýst verði hvort þær séu samræmdar fyrir öll lögregluembætti og að afhent verði afrit þeirra reglna.
- Þess er óskað að dómsmálaráðuneytið lýsi afstöðu sinni til þess hvort beiting slíkrar grímu teljist til valdbeitingar og þá hvort gríman teljist valdbeitingartæki.
- Að teknu tilliti til svars ráðuneytisins við annarri spurningu hér að framan er þess óskað að ráðuneytið lýsi afstöðu sinni til þess hvort eðlilegt sé að ákvæðum um hrákagrímur og beitingu þeirra verði bætt við framangreindur reglur nr. 1740/2022 eða eftir atvikum sett um þær fyrirmæli með öðrum hætti.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 5. desember nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri frumkvæðismála og
OPCAT